

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
20.10.21	17:00	Lögberg 101	5
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir		20.10.21

Fundaraðilar mættir

**Félagsvísindasvið:**

Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)

Stefán Kári Ottósson (Röskva)

Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka)

Kjartan Ragnarsson (Röskva)

Rebekka Karlsdóttir (Röskva)

**Heilbrigðisvísindasvið:**

Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)

Kristján Guðmundsson (Röskva)

Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)

**Hugvísindasvið:**

Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)

Lilja Reykdal fyrir Önnu Mariu (Röskva)

**Menntavísindasvið:**

Rósa Halldórsdóttir (Röskva)

Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)

Erlingur Sigvaldason (Röskva)

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið:**

Ingvar Þóroddsson (Röskva)

Inga Huld Ármann (Röskva)

Guðrún Ísabella fyrir Helenu Gylfadóttur (Röskva)

**Aðrir (án atkvæðisréttar):**

*Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ*

*Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ*

*Sara Þöll, varaforseti SHÍ*

*Jessý, hagsmunafulltrúi SHÍ*

*Sindri Freyr Ásgeirsson*

*Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir*

*Katrín Björk Kristjánsdóttir*

*Gréta Dögg*

*Brynjólfur*

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

## Fundardagskrá

### Fundur Stúdentaráðs 20. október 2021 í Lögberg 101 kl. 17:00

*Agenda Student Council Meeting on October 20th 2021 in Lögberg-101 at 17:00*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

*Announcements and issues ahead*

4. Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 (Kynning og umræður)

*17:25-18:15*

*University of Iceland's policy for the period 2021-2026*

5. Nýtt útlit kynningarefnis Háskóla Íslands (Kynning og umræður) 18:15-18:45

*New branding for the University of Iceland*

6. Hlé 18:45-18:55

*Intermission*

7. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 18:55-19:10

*The Student Council's financial plan for 2021-2022*

8. Tillaga vegna sjúkra- og endurtökuprófa við Háskóla Íslands 19:10-19:25

*Proposal regarding re-examinations at the University of Iceland*

9. Önnur mál 19:25-19:35

*Other issues*

10. Fundi slitið 19:35

*Meeting ends*

11. Bókfærð mál

*Recorded issues*

## 1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

## 2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
- b. Fundargerð má finna í fundargögnum.
- c. Atkvæði: 13, einróma samþykkt

## 3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

*Announcements and issues ahead*

- a. **Skýrsla Gæðaráðs íslenskra háskóla:** Skýrsla vegna úttektar á Háskóla Íslands í vor sem gefin var út 30. september sl.. Skýrsluna í heild sinni má finna í fundargögnum, merkt sem viðbótargögn.

*Margrét Jóhannesdóttir mætir á fund 17:08*

- b. **Verkefnastjóri á skrifstofu Stúdentaráðs:** Verkefnastjóri mun skila af sér skýrslu um húsnæðismál stúdenta í nóvember, sem verður vonandi kynnt á næsta Stúdentaráðsfundi. Skýrslan verður gefin út og munum við vekja athygli á eftirtektaverðustu punktunum ásamt því að tillögur munu fylgja. Verkefnastjóri stefni síðan á að geta skilað inn gögnum um fjárhagsleg réttindi foreldra í námi fyrir lok árs. Það munu fylgja tillögur með hliðsjón áherslum og stefnum stúdentaráðs. Fjárhagsleg réttindi foreldra kemur í lok árs. Hvort það verði skýrsla eða eitthvað annað, þá er það ekki ákveðið.
- c. **Fundur með nemendafélögum:** Forseti, varaforseti og hagsmunafulltrúi funduðu með nemendafélögunum í lok september, skv. verklagi. Markmið fundarins var að skapa samráðsvettvang en þar var til kynningar starfsemi Stúdentaráðs, hagsmunahandbókin, vísindaferðirnar í Stúdentaráð og önnur tilfallandi atriði. Forseti jafnréttisnefndar, Erlingur vill líka hitta öll nemendafélögin til að fara yfir nokkur mál.
- d. **Geðheilbrigðismál:** Viðbótarfjármagnið í málaflokkinn, sem lofað var í vor í kjölfar þess að skrifstofan beitti sér fyrir því, hefur loksins skilað sér til háskólans. Geðheilbrigðishópurinn fundaði síðast í nýliðinni viku til að ræða útfærslu á

fjármagninu, þ.e.a.s. hvort við bætist fleiri námskeið eða önnu úrræði. Það sem er ákveðið er að nýr sálfræðingur verður ráðinn í 50% stöðu - mjög gleðilegt enda skv. áherslum Stúdentaráðs sem forseti hefur lagt áherslu á að væri forgangsmál. Það er búið að gera það opinbert. Sálfræðingurinn verður í Stakkahlíð, það er mjög gott þar sem það er enginn sálfræðingur þar.

*Rebekka Karlsdóttir mætir 17:16 á fund*

*Guðrún Ísabella mætir 17:18 á fund*

*Steinunn aðstoðarrektror kennslu og þróunar mætir 17:19 á fund*

- e. **Októberfest:** Hátíðin mun ekki fara fram á þessu haustmisseri. Við stefnum á að halda hana á vormisseri en dagsetning er óljós. Þangað til að hátíðin er haldin ætlað Paxal hins vegar, í samstarfi við Stúdentaráð, að bjóða stúdentum við Háskóla Íslands sérkjör á viðburði á þeirra vegum í gegnum Tix.is.
- f. **Íþróttaskóli:** Fyrrum framkvæmdastýra fór þess á leið við Íþrótt- og heilsufræðideild að íþróttaskólinn yrði samstarfsverkefni SHÍ og deildarinnar en kórónuveirufaraldurinn setti strik í reikninginn í það samtal. Núverandi framkvæmdastýra setti sig aftur í samband við deildina sem og nemendafélag námsleiðarinnar, og í kjölfar þeirra samtala hefur verið ákveðið að hinkra aðeins og fara af stað með skólann á vormisseri 2022. Framkvæmdastýra mun halda áfram að sinna undirbúningsvinnu fyrir vormisserið og eiga í góðum samskiptum við fjölskyldunefnd SHÍ.
- g. **Starfshópur Atvinnuleysisbóta:** SHÍ er búið að staðfesta um að vera í þessum hóp. Isabel er aðalfulltrúi og Sara Þöll varafulltrúi. En það eru tvö sæti enn laus. Vonandi geta hin félögin tekið þátt í þessu. SHÍ er með flestu gögnin um þetta. Þetta er óformlegur hópur sem Andri frá BHM sér um.

*Jón Atli, Rektor mætir 17:22 á fund*

- h. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist síðast 13. október og ræddi starfshópurinn vegna alþingiskosninga, skýrslu Gæðaráðs íslenskra háskóla og önnur tilfallandi mál innan fræðasviðana. Starfshópurinn gekk vel en hann er hættur störfum, hann verður mjög líklega aftur á næsta ári fyrir borgarstjórnarkosningar.

#### 4. Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 (Kynning og umræður) 17:25-18:20

*University of Iceland's policy for the period 2021-2026*

- a. Jón Atli Benediktsson rektor HÍ og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektror kennslu og þróunar kynna innleiðingu á stefnu háskólans HÍ26.
- b. Jón Atli: Þetta verður tvískipt, umgjörðin (rektor) en innleiðing (Steinunn)

Umgjörðin: Stefnunótunin byrjaði á háskólaþingi, stúdentaráð var virkt og margir tóku þátt sem var mjög gleðilegt. Rektor fer lauslega yfir stefnuna: **Betri háskóli - betra samfélag**. Sömu grunngildi og síðast. En nú eru þrjú leiðarljós: gæði, traust og snerpu (ryðja hindrunum úr vegi og taka snögglega á breytingum). Við viljum vera virk. Horft var til markmið Sameinuðu Þjóðanna. Rektor fer nánar yfir heimsmarkmið og hvernig þau eru innleidd inn í stefnuna. **4 Markmið:**

- Skólinn er opin og alþjóðlegur. Við vinnum ekki bara innanlands heldur líka alþjóðlega
- Sjálfbærni og fjölbreytileiki
- Afla grunni gæða, við erum menntastofnun: kennsla og rannsóknir. Nota gæðin í öll okkar störf
- Háskólinn er góður vinnustaður, traustur innviði. Mkv markmið - líka í fyrri stefnu

*Jessý, hagsmunafulltrúi mætti á fund klukkan 17:37*

Rektor fer nánar út í þessi fjögur markmið

Rektor þakkar stúdentaráði fyrir þeirra baráttu fyrir hagsmuni nemenda

Það sem tengist stúdentum í stefnunni: hann nefnir aðal áherslurnar

- Rektor talar um að taka töluvert stærri skref með þessari stefnu (2021-2026)
- Rektor talar einnig um að við viljum öll það sama, við viljum að Háskóli Íslands verði betri skóli. Við viljum vinna nýja sigra, styrkur heildarinnar skiptir öllu máli og vinna stúdentaráðs og ykkar barátta skiptir máli og hjálpar mjög mikið.

Innleiðing: Steinunn fer eftir innleiðingu stefnunnar. Stúdentar voru með augljóslegri aðkomu í síðustu stefnumótun, og það sé Jón Atla að þakka því hann vildi gera þetta öðruvísi en var gert áður. Sameiginleg sýn, er það sem er mikilvægast þegar kemur að stefnuna. Áhersla á gagnsæi, hvar náum við árangri og hvar ekki. Núna viljum við að hafa þetta kvikari kerfi, með mælaborði til að setja upplýsingar um árangur og fylgjast með árangrinum - það er betra upp á það til að sjá hvernig skólanum gengur að fylgja stefnunni.

Tengja stór umbóta verkefni og minni þróunarverkefni - top down verkefni og bottom up verkefni.

16 markmiðin sem eru í bæklingnum er leiðarvísirinn - hjálpar stjórnendum að fylgja stefnu

Háskólans. Það eru tvenns konar kerfi; Markmiðin 16 og umfangsmestu verkefni sett fram með tíu verkefnastofnun. Verkefnastofnarninar geta tekið lengri tíma því þetta eru stærri verkefni. Það eru

aðilar sem eru með umsjón með þessum verkefnum til að hafa meiri ábyrgð. Árleg áætlun er gerð fyrir hvert verkefni - mikilvægis röð (það sem er efst er það mikilvægasta).

*Sjá upptöku fyrir nánari upplýsingar*

*Jón Örn mætir með barn á fund 17:57*

Umræður byrja 18:00 um stefnu HÍ 2021-2026:

- Ingunn: ábyrgðaraðila þessarra stofna, ýmis mál og tillögur sem við viljum leggja fram - hvert getur maður snúið sér varðandi ýmis mál - er það til þeirra ábyrgðaraðila?
  - svar: Ábyrgðaraðilar geta tekið á móti ýmissa verkefna. En það er líka hægt að hafa samband við Steinunni til að hafa opið samtal um ýmis mál. Eins og varðandi fjarnám.
- Inga Huld: Hrós fyrir frábæra stefnu. Stuðningur við alþjóðlega nemendur og rafræna kennsluhætti. Það endar alltaf allt á kennurum - allt stoppar hjá þeim. Hvernig sjáiði fram á að það samræmist meðal stefnunnar og kennara?
  - svar: Vinna með deildum, kennarar framkvæma. Við reynum að hafa eins sterkan ramma eins og hægt er. Stórt mál en við erum að reyna að taka skref í þessa átt.
- Jóna Gréta: Taka undir með Ingunni og Ingu Huld. Hversu langt munu þið fara í það að samræma milli deilda? Eins og endurtektar og sjúkrapróf?
  - svar: augljóst að það verði ekki gert með einföldum hætti. Forgangsröðun er í fyrri rúmi. Endurtektar og sjúkrapróf - eru mjög stórt hagsmunamál. “killing them with kindness” - auka sveigjanleika og einföldun fyrir kennara - eins og með að setja kennslu á rafrænan hátt - kennarar geta einfaldlega sótt um það.
- Rebekka: Verkefnastofnanna - hvernig fer það fram? hafa stúdentar aðkomu að þessu?
  - svar: situr hjá Steinunni og öðrum stjórnendum - þeir verða þjálfaðir í það hlutverk. Háskólaráð er líka upplýst um stöðu verkefnastofnanna. 26 deildir - nauðsynlegt að ná til allra deilda, mjög erfitt en mjög mikilvægt til að halda við stefnuna.
- Jessý: hvenær munu þið hefja formlegt samtal við stúdenta?
  - svar: í lok þessa misseris - þá verður allt farið af stað og verkefnastofnun ræst, þá getur orðið meira samtal.

Rektor: Enginn hefur mótmælt þessari stefnu - henni var einróma samþykkt

*Sjá upptöku fyrir frekari upplýsingar um umræður*

5. Nýtt útlit kynningarefnis Háskóla Íslands (Kynning og umræður) 18:21-19:05

*New branding for the University of Iceland*

- a. Jón Örn Guðbjartsson sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs kynnrir nýtt útlit Háskóla Ísland.

Jón Örn talar: Nýja útlitið, hvað er fagurfærlegt? Þetta er eitt af verkefnastofnanna - opinn og alþjóðlegur skóli. Maður verður að spyrja sig hvað er Háskóli og hvernig getur maður kynnt háskóla? Hversu sterkar eru deildirnar út á við? orðið brand er í raun og veru íslenskt því það kemur frá orðinu Brandur - Þetta er eina orðið okkar sem hefur orðið enskt. En kynið er breytt: brandið. Brandið er sjálfstætt og sterkt úr á við sig. Háskólinn er eitt brand. Gildið í hverri deild og sviði kemur frá brandinu sem representar okkur sem eitt. Við erum einn háskóli - eitt af stefnum HÍ - ryðjum burt hindrunum. Útlitsbreytingarnar: opinn og alþjóðlegur - vinna þvert á einingarnar. Augun og starfrækri þróun, sýna traust og draga það fram - vera snörp.

Þrjú orð frá nýnemum sem völdu sér HÍ: Menntun, Nám og Gæði

Áhersla: Ein mynd, með sterkri yfirsögn (kröftug og nútímaleg)

- blái liturinn stendur fyrir öllum
- Lógóið er mjög nýtt - ekki lengur gamalt. Við eigum sögu sem nær 110 ár aftur í tímann. Við erum að sýna að sagan skiptir okkur máli.
- HÍ er komið í sviðsljósið í nýja lógóinu - viljum ekki neita því að við erum HÍ. HÍ er auðkennisleið okkar - öll netföngin tengjast því. Notað samhliða Háskóla Íslands.
- Pallas, merkið - vakti umtal - þetta sýnir okkur hvað fólk þykir vænt um skólann. ný hárgreiðsla og nýr hjálmur á Pallas.

Nú er komið netspjall, námsspjall nemenda - allir nemendur geta talað við nemendur sem hafa áhuga á því að koma í HÍ. Nemendur í framhaldsskóla geta leitað til nemenda í HÍ.

Vefurinn þarf líka að vera sterkur og öflugur, þar sem nemendur afla sér nánast allar upplýsingar þar.

*Nokkrar spurningar koma frá stúdentaráðsliðum um merkið*

*Sjá upptöku fyrir frekari upplýsingar*

## 6. Hlé 19:06-19:16

*Intermission*

*Erna Lea fer af fundi 19:13*

## 7. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 19:16-19:26

*The Student Council's financial plan for 2021-2022*

- a. Framkvæmdastýra kynnir fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022
  - b. Kosið um að kjósa um þetta: Samþykkt einróma - 15 atkvæði
  - c. Kosning: einróma samþykkt - 15 atkvæði
8. Tillaga vegna sjúkra- og endurtökuprófa við Háskóla Íslands 19:27-19:34  
*Proposal regarding re-examinations at the University of Iceland*
- a. Tillaga vegna sjúkra- og endurtökuprófa við Háskóla Íslands
  - b. **ATH. Tillagan kemur inn í fundargögn um helgina.**
  - c.

Stúdentaráðsfundur  
20. október 2021

**- T I L L A G A -**

**Tillaga vegna sjúkra- og endurtökuprófa**

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði beiti sér fyrir því í sameiningu að sú undantekning frá meginreglunni um tímabil sjúkra- og endurtökuprófa sem fram kemur í **3. málslíð 3. mgr. 56. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009** með síðari breytingum verði felld út. Er hún svohljóðandi: „*Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það liggja fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.*“

Jafnframt er lagt til að til samræmis við fyrri breytingartillögu verði bætt verði inn „desember og“ í **2. málslíð 3. mgr. 57. gr. sömu reglna**. Yrði hún þá svohljóðandi: „*Slík sérstök endurtökupróf eru einungis fyrir þá stúdenta sem áður hafa þreytt próf í viðkomandi námskeiði og skulu fara fram [...]6 í kjölfar almenns próftímabils í **desember og maí** samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.*“

**Rökstuðningur**



Undanfarin ár hefur Verkfræði- og náttúruvísindasvið haldið sjúkra- og endurtökupróf sín í janúar við góðar undirtektir stúdenta, kennara á sviðinu og annarra sem koma að. Mikilvægt er að önnur fræðasvið dragi lærdóm af því sem vel er gert á öðrum fræðasviðum og að jafnræðis sé gætt við stúdenta þvert á háskólann, líkt og hvatt er til í skýrslu sem gefin var út 30. september síðastliðinn vegna stofnana úttekt á Háskóla Íslands. Sú úttekt fór fram í vor á vegum alþjóðlegs sérfræðingahóps samkvæmt áætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla. Í skýrslunni kemur fram að einstaka deildir og/eða fræðasvið skólans séu taldar búa yfir of miklu sjálfstæði sem leiðir til ósamræmis gagnvart bæði starfsfólki skólans og nemendum. Háskóli Íslands er hvattur til þess að auka gagnsæi og samræmingu þvert á fræðasvið skólans til að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu. Það er því mikilvægt að háskólinn samræmi reglurnar sínar um sjúkra- og endurtökuprófin, en í stefnu HÍ 2021-2026 er litið til einkunnar Gæðaráðs íslenskra háskóla sem einn af mælikvörðum skólans við mat á afli á grunni gæða, sem er ein af meginstoðum stefnunnar.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hefur komið í ljós að ánægja ríkir hjá bæði nemendum og starfsfólki með það að öllu námsmati í námskeiðum haustmíssis sé lokið af áður en vormísseri hefst, frekar en að bíða í hálf ár líkt og áður tíðkaðist á sviðinu og gerir enn á til dæmis Félagsvísindasviði. Það er álag að þurfa að bíða í marga mánuði eftir því að fá að taka próf, ásamt því að það getur haft fjárhagslega óvissu í för með sér. Menntasjóður námsmanna lánar í samræmi við loknar ECTS einingar og getur því nemandi sem veikist á prófdegi í desember lent í því að missa rétt á eða lenda í verulegri skerðingu á námslánnum sínum þar til að viðkomandi hefur fengið að þreyta prófið. Þetta kann að leiða til andlegs álags ásamt því að nemandi í þessari stöðu gæti neyðst til þess að vinna meira með skóla til að framfleyta sér, sem er til þess fallið að valda enn meira álagi og hafa neikvæð áhrif á námsframvindu. Þetta getur jafnvel orðið til þess að stúdentar hætti í námi. Með því að halda próf í námskeiðum haustmíssis í lok vormíssis er Háskóli Íslands að gera þeim sem ekki hafa sterkt

fjárhagslegt bakland erfiðara fyrir að stunda nám. Hér er tækifæri fyrir háskólann til að koma til móts við stúdentahópinn þegar aðrar ytri ástæður gera þeim erfitt fyrir.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni, en í þónokkur ár hafa nemendur Háskóla Íslands óskað eftir því að framkvæmd sjúkra- og endurtökuprófa verði samræmd milli fræðasviða skólans. Könnun frá árinu 2018 sem framkvæmd var af sviðsráði FVS í samstarfi við starfsfólk sviðsins, kennslumálanefnd FVS og kennslusvið HÍ sýnir fram á skýran vilja nemenda FVS hvað þetta varðar. Hér má sjá nokkrar lykiltölur:

1. 94,2% nemenda vildu sjúkrapróf í desember og janúar eða í janúar.
2. 85,1% nemenda vildu endurtökupróf í janúar.
3. 74,8% nemenda voru frekar ósammála eða ósammála því að fella niður endurtökupróf til þess að hafa sjúkrapróf í janúar.
4. Á skalanum 1-5 sögðu nemendur mikilvægi sjúkraprófa vera 4,89 og mikilvægi endurtökuprófa vera 4,76.

Nánari samantekt á niðurstöðum könnuninnar má nálgast [hér](#). Eins og fyrr segir er könnunin frá árinu 2018 en afstaða nemenda hefur ekki breyst.

Ljóst að um mikið jafnréttismál er að ræða, en óásættanlegt er að allir stúdentar Háskóla Íslands hafi ekki sömu tækifæri til þess að ljúka námi vegna regluverks skólans. Undir þetta er síðan tekið í áður nefndri stofnanaúttekt og samræming þvert á fræðasvið þar talinn liður í að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu. Vilji stúdenta er skýr og reynslan sýnir okkur að þetta er vel framkvæmanlegt, og að mikil ánægja er með fyrirkomulagið meðal þeirra nemenda og kennara sem búa við þetta fyrirkomulag.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti sviðsráðs FVS*

*Ingvar Þóroddsson, forseti sviðsráðs VoN*

- Rebekka rifjar upp forsöguna á sjúkrapróf- og endurtökuprófum
- Ingvar kynsir hvernig þetta hefur gengið vel á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

*Umræður myndast um tillöguna, allir mjög sammála og jákvæð yfir þessari tillögu*

d. Kosning: einróma samþykkt - 15 samþykkt

## 9. Önnur mál 19:35-19:49

### *Other issues*

- a. Erlingur og Inga Huld kynna: prófnúmer, kanna status á prófnúmeri á hverju sviði - gæta samræðis á hverju sviði. Þessi vinna hófst á verk- og náttúrufræðisviði, það eru 17 próf á hverju sviðsmisseri með prófnúmeri - þvert á svið. Það er mjög sláandi segir Jessý hagsmunafulltrúi. Inspera - það er verið að þrýsta á að Inspera sé notuð í öllum prófum til að halda nafnleynd. Það er tekið í tölvu en það er vitað að sum próf eru á blaði. En VoN er að reyna að þrýsta á að flest eða öll próf séu í tölvu.

*Umræður myndast*

*Ellen Geirs fer af fundi 19:47*

## 10. Fundi slitið 19:50

*Meeting ends*

## 11. Bókfærð mál

*Recorded issues*

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál - sjá fundargögn eða tengla hér. Samkvæmt d-lið 11. gr.:  
*Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyrna ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrá stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur viðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.*
- b. Nýr fulltrúi í fjármála- og atvinnulífsnefnd
  - i. Úr fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs segir sig fulltrúi Vöku Þorsteinn Stefánsson. Í hans stað tilnefnir Vaka Guðrúnu Elsu Gunnarsdóttur
- c. Nýr fulltrúi í fjölskyldunefnd

- i. Úr fjölskyldunefnd Stúdentaráðs segir sig fulltrúi Vöku Jónína Riedel. Í hennar stað tilnefnir Vaka Ólínú Lind Sigurðardóttur
- d. Nýr varafulltrúi á Félagsvísindasviði
  - i. Þorsteinn Stefánsson varafulltrúi Vöku á Félagsvísindasviði segir sig úr embætti. Í hans stað tilnefnir Vaka Birtu Kareni Tryggvadóttur.
- e. Nýr fulltrúi í fjölskyldunefnd
  - i. Úr fjölskyldunefnd Stúdentaráðs segir sig fulltrúi Röskvu Hólmsfríður Svala Ingibjargardóttir. Í hennar stað tilnefnir Röskva Grétu Dögg Þórisdóttur.
- f. Nýr fulltrúi og varafulltrúi í Stúdentaráði og fulltrúi í sviðsráði Hugvísindasviðs
  - i. Úr Stúdentaráði og sviðsráði á Hugvísindasviði segir sig fulltrúi Röskvu Sigurður Karl Pétursson. Við tekur Brynjólfur Skúlason samkvæmt 13. gr. laga Stúdentaráðs. Þá tilnefnir Röskva Rakeli Önnu Boulter til að taka sæti varafulltrúa á áðurnefndu sviði.